

Lög Félags stjórn málafræðinga

Um félagið og félagsmenn

1. gr. Nafn félagsins er Félag stjórn málafræðinga. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Félagar geta orðið allir þeir sem uppfylla aðildarskilyrði sbr. 4. gr.
2. gr. Félagið skal vera vettvangur umræðna á sviði stjórn málafræði og stuðla að vexti og viðgangi fræðigreinarinnar á Íslandi. Í þeim tilgangi skal það meðal annars gangast fyrir fundum, útgáfu og miðla upplýsingum eins og stjórn félagsins telur þörf á og komið verður við. Heimilt er stjórninni að gangast fyrir fleiru í nafni félagsins en hér er tiltekið.
3. gr. Félagið tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi félaga stjórn málafræðinga samkvæmt ákvörðun stjórnar eða aðalfundar.
4. gr. Stjórn málafræðingur samkvæmt lögum þessum er sá er lokið hefur prófi í stjórn málafræðum frá viðurkenndum háskóla. Komi upp ágreiningur þar um skal stjórn félagsins úrskurða. Sá sem ekki vill una ákvörðun stjórnar getur skotið máli sínu til aðalfundar. Ritari félagsins heldur utan um félagsskrá.

Um fundi félagsins

5. gr. Aðalfundur er æðsta valdastofnun félagsins. Boða skal til aðalfundar með með tveggja vikna fyrirvara. Hann er löggildur ef löglega er til hans boðið. Einfaldur meirihluti ræður á aðalfundi um öll önnur mál en lagabreytingar.
6. gr. Skuldlausir félagsmenn hafa atkvæðarétt á aðalfundi. Aðalfundur ákvarðar félagsgjald ár hvert en getur þó vísað þeirri ákvörðun til stjórnar. Félagaskrá er jafnframt kjörskrá. Hún skal vera aðgengileg þegar boðið er til aðalfundar. Á aðalfundi skal kjósa í stjórn og trúnaðarmenn sbr 10. gr.
7. gr. Aðalfundi skal halda fyrir lok septembermánaðar ár hvert. Stjórn ákveður dagskrá aðalfundar og skal hún vera tilgreind í fundarboði en á dagskrá skal að að minnsta kosti vera eftirfarandi:

Skýrsla fráfarandi stjórnar

Framlagning reikninga félagsins;

Kosning formanns;

Kosning stjórnar;

Önnur mál.

8. gr. Almennur félagsfundur getur tekið ákvarðanir um málefni félagsins, aðrar en um breytingar á lögum þessum eða ákvörðunum aðalfundar. Einfaldur meirihluti ræður á fundum. Fimmtíu fullgildir félagsmenn geta farið fram á almennann félagsfund. Boða skal til félagsfundar með sama fyrirvara og aðalfund og í fundarboði skal fundarefni koma fram.

Um stjórn, trúnaðarmenn og kosningar

9. gr. Stjórn Félags stjórnmálafræðinga fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda. Stjórnin er kosin af meirihluta á aðalfundi til eins árs í senn og starfar í umboði hans. Stjórn skal í hvívetna hafa hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi og haga starfi sínu í samræmi við lög og samþykktir félagsins.

10. gr. Sjö skipa stjórn félagsins: Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og þrír meðstjórnendur. Formaður skal kjörin sérstaklega á aðalfundi, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum á fyrsta fundi sínum.

11. gr. Stjórn félagsins tilnefnir tvo fulltrúa innan stjórnar til stjórnarsetu í Félagi norrænna stjórnmálafræðinga (Nordic Political Science Association). Tryggt skal að þessi tveir fulltrúar séu starfandi fræðimenn á sviði stjórnmálafræði. Ef enginn starfandi fræðimaður er innan stjórnar félagsins er heimilt að tilnefna fulltrúa utan stjórnar, en þá skal leitast við á þeir hinir sömu taki sæti í stjórn eins fljótt og unnt er.

12. gr. Framboðum til formennsku eða stjórnar skal skila inn viku fyrir aðalfund. Jafnframt er félagsmönnum frjálst að bjóða sig fram til formanns og stjórnar á aðalfundinum sjálfum.

13. gr. Stjórnin skal eins og kostur er kynna félagið fyrir stjórnmálafræðingum sem standa utan þess og einnig fyrir stjórnmálafræðinimum áður en þeir ljúka námi.

14. gr. Reikningar félagsins skulu vera í samræmi við landslög og skulu kynntir og samþykktir á aðalfundi. Meirihluti stjórnar félagsins skal samþykkja reikningana með undirskrift sinni.

Félagslög

15. gr. Lög þessi túlkar stjórn félagsins milli aðalfunda. Vísa má öllum ákvörðunum stjórnar til aðalfundar.

16. gr. Stjórn félagsins er heimilt að skipa sérstaka þriggja manna nefnd til að endurskoða lög þessi.

17. gr. Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og skulu lagabreytingatillögur stjórnar kynntar jafnframt fundarboði. Tillögur að lagabreytingum frá almennum félagsmönnum skulu hafa borist viku fyrir aðalfund. Til lagabreytinga þarf 2/3 hluta atkvæða.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi (4.október 2016)og með því verða öll eldri lög ógild.